

Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir í húsnæðismálum.

Á fundi borgarstjórnar 19. júní sl. var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar borgarráðs: Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að skipuleggja lóðir á hagkvæmum svæðum, s.s. Örfirisey, BSÍ reitnum, Keldum og Úlfarsárdal. Gert verði ráð fyrir 6.000 íbúðum á þessum svæðum. Borgin beiti sér fyrir því að byggingarskilmálar verði með þeim hætti að kostnaður við byggingarnar verði í lágmarki. Þá beiti hún sér enn fremur fyrir því að afgreiðslutími skipulagssviðs og byggingarfulltrúa verði stytur umtalsvert frá því sem verið hefur. Á þessar lóðir verður ekki lagt sérstakt innviðagjald.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Á næsta fundi borgarráðs sem haldinn var þann 28. júní sl. var lagt fram yfirlit um embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar með vísan til viðauka 2.1. við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Þar er fyrrgreind tillaga lögð fram og vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs og veittur 21 dagur til umsagnar sem er nú liðinn. Umsagnarbeiðnin hefur verið ítrekuð og er gert ráð fyrir því að unnt verði að leggja tillöguna fram á næsta reglulega fundi borgarráðs 16. ágúst nk.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

